

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 28.fundur skólanefndar

25.október 2006

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Eyþór Benediktsson, Pétur Ingi Guðmundsson, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Ólína Kristinsdóttir, Gísli Ólafsson, Una Ýr Jörundsdóttir áheyrnafulltrúi kennara, Ragnar Mar Sigrúnarson áheyrnafulltrúi nemenda og Sólberg Ásgeirsson sem ritaði fundargerð.

1.Fundur settur

Kjartan Páll setur fundinn. Segir einnig frá að Sveinn Elínbergsson sagði sig frá nefndinni. Kjartan og Guðbjörg ætla að hafa samband við ráðuneytismenn til að fá það á hreint hvernig sett verður í stöðu Sveins.

2. Fjárframlög fyrir árið 2007

Fjárfarmlög fyrir árið 2006 var 141 milljón miðað við ársnemandafjölda 171 og fyrir árið 2007 153 milljónir og ársnemandafjöldinn er 181. Þá kostar nemandi fyrir árið 2007 845.304 fyrir húsaleigu en eftir húsaleigu kostar nemandi 739.227. Þessi tala er í hærri kantinum ef miðað er við meðaltal allra framhaldsskóla en miðað við minni skóla er þetta í lægri kantinum.

Staða ársins er þannig að skólinn er 7,6 milljónir í plús eftir fyrstu 9 mánuðina. Ef allt gengur að óskum þá endar skólinn í kringum 9 milljónir í plús. Þegar árið 2007 gengur í garð þá þarf að endurnýja fartölvur og það er í kringum 3-4 milljónir sem í þann kostnað.

3.Viðhorfskönnun

Rennt var yfir viðhorfskönnun sem lögð var fyrir nemendur í október. Lögð var viðhorfskönnun fyrir nemendur, 208 nemendur sem svörðuð. Svarhlutfall 61% ef þegar tekið er frá óreglulegir nemendur þá hækkar þetta hlutfall í 85%. Nærri 70% nemendum líkar vel eða mjög vel við að hafa blöndu af föstum tímum og verkefnatímum. Rétt rúmlega 15% nemenda fara aldrei í verkefnatíma. Það passar því þeir nemendur sem mest þurfa að mæta í verkefnatíma mæta ekki. Yfir 90% nemenda líða vel í skólanum. Einnig var í þessari könnun spurningar sem voru lagðar einnig fram í 3 öðrum skólum, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Suðurlands Selfossi og Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi. Skólarnir komu allir svipað út. Allir skólarnir voru mjög ánægðir með að geta gert samanburð á milli skóla og haldið verður áfram með þetta starf.

4. Önnur mál

- GA: Nemendafélagið er komið með forgangsmáli að búa til heimasíðu og er það allt í bígerð. Ákveðið verður á næstu dögum hvernig heimasíðan verður. Talað var um auglýsingar á heimasíðunni og ætlar skólameistari velja hvaða fyrirtæki fá að auglýsa á síðunni.
- RAS: segir frá hver eru næstu skref hjá nemendafélaginu. Fyrst og fremst að koma heimasíðunni í gagn. Þegar hún verður komin í gang þá verður

- hún sá staður sem nemendur geta séð hvað er í gangi hjá nemendafélaginu. Reyndar frestaðist ball vegna leikrits frá Þjóðleikhúsinu.
- GÓ: Langar að forvitnast um Rómarhópin og SNÆ-áfangann. GA lýsir hvað er í gangi og hvernig þetta fer fram. Einnig kom fram að mun færri nemendur frá Snæfellsbæ eru í þessum áfanga en frá hinum bæjarfélögum í SNÆ-áfanganum.
 - ÓK: Stingur upp á að tengja nemendur við atvinnulífið eins og er gert í Háskólanum á Bifröst. Skilyrði að atvinnulífið hér í kring taki vel í þetta. Ákveðið var að íhuga þetta mál þangað til á næsta fundi og ákveðið að halda áfram með þetta þá.

Næsti fundur hjá skólanefnd verður þriðjudaginn 21.nóvember kl 16:30.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Á seinasta fundi var rætt um að Kjartan hafði samband við fjárlaganefnd vegna halla ársins 2004. Kjartan náði í varaformann nefndarinnar og hann gaf jákvætt svar að þetta yrði tekið fyrir í fjárukalögum